

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um upplýsingar um nýtingu réttar
til að falla frá samningi, nr. 435/2016.**

1. gr.

Í stað viðauka I og viðauka II koma tveir nýir viðaukar sem birtir eru með reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 28. gr., sbr. g-lið 1. mgr. og 5. mgr. 5. gr. laga um neytendasamninga nr. 16/2016 og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 6. apríl 2021.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Daði Ólafsson.

VIÐAUKI I

Staðlaðar leiðbeiningar um rétt til að falla frá samningi.

Réttur til að falla frá samningi:

Þú hefur rétt til að falla frá þessum samningi án þess að tilgreina nokkra ástæðu innan 14 daga.

Frestur til að falla frá samningnum rennur út 14 dögum eftir þann dag sem [1].

Til þess að nýta réttinn til að falla frá samningnum þarf þú að tilkynna okkur [2] ákvörðun þína um að falla frá samningnum með ótvíræðri yfirlýsingu (t.d. með bréfi sendu í pósti, símbréfi eða tölvupósti). Nota má meðfylgjandi staðlað eyðublað, en það er ekki skylda. [3].

Til að fresturinn teljist virtur nægir þér að senda tilkynningu um að þú neytir réttar þíns til að falla frá samningi áður en fresturinn rennur út.

Áhrif þess að falla frá samningi:

Ef þú fellur frá þessum samningi munum við endurgreiða þér allar greiðslur sem við höfum fengið frá þér, þ.m.t. afhendingarkostnað (að undanskildum viðbótarkostnaði vegna þess að þú valdir annan afhendingarmáta en ódýrasta staðlaða afhendingarmáta sem við bjóðum). Endurgreiðsla fer fram án ástæðulausrar tafar og alla jafna ekki síðar en 14 dögum eftir að okkur berst tilkynning um um að þú fallir frá þessum samningi. Við munum endurgreiða þér með því að nota sama greiðslumiðil og þú notaðir í upphaflegu viðskiptunum, nema þú hafir samþykkt annað sérstaklega. Þú þarf ekki að bera neinn kostnað af þessari endurgreiðslu. [4].

[5]

[6]

Leiðbeiningar við að fylla út upplýsingarnar: 1

[1] Seljandi bætir við einum af eftirfarandi textum úr gæsalöppum:

- a. ef um er að ræða þjónustusamning eða samning um afhendingu á vatni, gasi eða rafmagni sem er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, samning um fjarhitun eða stafrænt efni sem er ekki afhent á ápreifanlegum miðli: „samningurinn var gerður.“,

¹ Þar sem eru númer innan hornklofa fyllir seljandi inn viðeigandi upplýsingar úr leiðbeiningunum, sem samsvara númerunum.

- b. ef um er að ræða sölusamning: „þú eða annar einstaklingur sem þú tilgreindir, annar en flutningsaðilinn, hefur fengið vöruna í sína vörslu.“,
- c. ef um er að ræða samning þar sem neytandinn pantar margar vörur í einni pöntun en þær eru afhentar hver um sig: „þú eða annar einstaklingur sem þú tilgreindir, annar en flutningsaðilinn, hefur fengið síðustu vöruna í sína vörslu.“,
- d. ef um er að ræða samning þar sem vörur eru afhentar í mörgum einingum eða stykkjum: „þú eða annar einstaklingur sem þú tilgreindir, annar en flutningsaðilinn, hefur tekið síðustu eininguna eða stykkið í sína vörslu.“,
- e. ef um er að ræða samning um reglubundna afhendingu á vörum á tilteknu tímabili: „þú eða annar einstaklingur sem þú tilgreindir, annar en flutningsaðilinn, hefur tekið fyrstu vöruna í sína vörslu.“.

[2] Seljandi færir inn nafn sitt, heimilisfang og, ef hægt er, símanúmer, bréfasímanúmer og netfang.

[3] Seljandi færir inn eftirfarandi ef neytandanum er gefinn kostur á að fylla út og senda á rafrænu formi yfirlýsingum um að fallið sé frá samningi á vefsþvæði sínu: „Þú getur einnig fyllt út og sent með rafrænum hætti staðlaða eyðublaðið eða aðra ótvíraða yfirlýsingu á vefsþvæði okkar [færð inn veffang]. Ef þú notar þennan valkost munum við senda þér kvittun fyrir móttöku yfirlýsingarinnar á varanlegum miðli (t.d. með tölvupósti) án tafar.“

[4] Seljandi færir inn eftirfarandi ef um er að ræða sölusamninga þar sem hann hefur ekki boðist til að sækja vöruna ef fallið er frá samningi: „Við getum beðið með endurgreiðslu þar til við höfum fengið vöruna aftur eða þú hefur lagt fram sönnun fyrir endursendingu hennar, hvort sem kemur á undan.“

[5] Ef neytandi hefur móttekið vörum í tengslum við samninginn færir seljandi inn viðeigandi texta úr gæsalöppum:

- a. færið inn:
 - „Við munum sækja vöruna.“, eða
 - „Þú þarfst að endursenda vöruna eða afhenda vöruna til okkar eða til [ef við á færir seljandi inn nafn og heimilisfang einstaklings, sem hefur heimild til að taka á móti vörunni], án ástæðulausrar tafar og eigi síðar en 14 dögum eftir daginn sem þú tilkynnir okkur ákvörðun þína um að falla frá samningnum. Fresturinn telst virtur ef þú endursendir vöruna fyrir lok 14 daga tímabilsins.“,
- b. færið inn:
 - „Við munum bera kostnað af endursendingu vörunnar.“,
 - „Þú þarfst að bera beinan kostnað af endursendingu vörunnar.“,
 - ef um er að ræða fjarsölusamning og seljandi býðst ekki til að bera kostnaðinn af að skila vörunni og varan er þannig að ekki er hægt að endursenda hana í pósti: „Þú þarfst að bera beinan kostnað af endursendingu vörunnar, [færið inn fjárhæð].“, eða ef ekki er hægt með góðu móti að reikna fyrirfram út kostnaðinn við að endursenda vöruna: „Þú þarfst að bera beinan kostnað af endursendingu vörunnar. Áætlaður kostnaður er að hámarki u.p.b. [færið inn fjárhæð].“, eða
 - ef um er að ræða samning sem var gerður utan fastrar starfsstöðvar og varan er þannig að ekki er hægt að endursenda hana í pósti og hún var send heim til neytandas þegar gengið var frá samningnum: „Við munum sækja vöruna á okkar kostnað.“, og
- c. færið inn:
 - „Þú ert aðeins ábyrg(ur) fyrir rýrnun á verðgildi vörunnar sem stafar af meðferð hennar annarri en þeiri sem nauðsynleg er til að staðfesta eiginleika, einkenni og virkni hennar.“

[6] Seljandi færir inn eftirfarandi texta úr gæsalöppum ef um er að ræða samning um veitingu þjónustu eða samning um afhendingu á vatni, gasi eða rafmagni, ef það er ekki selt í takmörkuðu rúmmáli eða ákveðnu magni, eða um fjarhitun: „Ef þú óskar eftir að veiting þjónustu eða afhending á vatni/gasi/rafmagni/fjarhitun [eyðið því sem ekki á við] hefjist áður en frestur til að falla frá samningi rennur út þarf þú að greiða okkur fjárhæð sem er í réttu hlutfalli við það sem hefur verið afhent fram að þeim tíma þegar þú tilkynntir okkur að þú féllir frá þessum samningi, samanborið við að samningurinn hefði haldið gildi út samningstímann.“

VIÐAUKI II

Staðlað eyðublað með yfirlýsingum að fallið sé frá samningi.

(fylltu út og sendu seljanda þessa yfirlýsingu ef þú óskar eftir að falla frá samningnum)

- Til (hér skal setja inn nafn seljandans, heimilisfang og, ef hægt er, bréfasímanúmer og netfang):
- Ég/Við (*) tilkynni/tilkynnum (*) hér með að ég/við (*) óska/óskum (*) eftir að falla frá samningi mínum/okkar (*) um sölu á eftirfarandi vörum (*) um veitingu eftirfarandi þjónustu (*)
- Sem voru pantaðar hinn (*)/mótteknar hinn (*)
- Nafn neytanda/neytenda
- Heimilisfang neytanda/neytenda
- Undirritun neytanda/neytenda (einungis ef þetta eyðublað er á pappírsformi)
- Dagsetning

(*) Eyðið eftir því sem við á